



Heilbrigðisráðuneyti
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. janúar 2022

Efni: Frumvarp til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu (stjórn Landspítala) – mál nr. 11/2022

Heilbrigðisráðuneytið hefur kynnt til samráðs frumvarp til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu sem að efni til lýtur að því að sett skuli á stofn stjórn yfir Landspítala. Eins og fram kemur í skýringum með frumvarpsdrögum er hér verið að hverfa til fyrra fyrirkomulags að þessu leyti, en með lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 var fallið frá þágildandi fyrirkomulagi og stjórn yfir Landspítala aflögð.

Samtök heilbrigðisfyrirtækja fagna þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Það hefur ekki farið fram hjá þeim starfa innan heilbrigðiskerfisins að Landspítali hefur átt við mikinn vanda að etja á undanförunum árum. Þessi vandi hefur bæði verið rekstrarlegur og stjórnunarlegur. Samtökin eru eindregið þeirrar skoðunar að fagleg stjórn yfir spítalanum sem veita mun stjórnendum hans aðhald og nauðsynlegan stuðning og þar með stuðlað að betur rekinni stofnun.


Reynslan af því fyrirkomulagi sem gilt hefur frá 2007 getur ekki talist góð. Sú breyting sem þá var gerð var í takt við þann tíðaranda sem þá ríkti, þ.e. að hverfa frá því að stjórnir væru almennt yfir ríkisstofnunum. Það sem ætti að hvetja enn frekar til þess að stjórn verði sett yfir spítalann eru fyrirmyndir frá hinum Norðurlöndunum, sérstaklega Svíþjóð og Noregi.

Í 9. gr. 1. um heilbrigðisþjónustu er kveðið á um að forstöðumenn heilbrigðisstofnanna sem ríkið rekur skuli skipaðir af ráðherra. Engu að síður finnst Samtökum heilbrigðisfyrirtækja ástæða til að benda á að það sé óeðlilegt að stjórn stærstu ríkisstofnunar í landinu, hafi enga aðkomu að ráðningu forstjóra stofnunarinnar.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpsdrögum er stjórn spítalans ætlað að marka stofnuninni langtímastefnu í samræmi við stefnumörkun ráðherra en einnig að staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun. Með þessu er væntanlega verið að innleiða það fyrirkomulag sem stjórnir almennt bera, þ.e. að bera t.d. ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits innan spítalans með aðgerðum sem stuðla eiga að hagkvæmni í rekstri, öruggri meðferð fjármuna og áreiðanleika um meðferð upplýsinga.

Samtök heilbrigðisfyrirtækja styðja því eindegið frumvarpið og vænta þess að það fái skjótan framgang þegar það verður lagt fram á Alþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka heilbrigðisfyrirtækja

A handwritten signature in blue ink that reads "Dagný Jónsdóttir". The signature is written in a cursive, flowing style.

Dagný Jónsdóttir, formaður